

**36. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 21. september og hófst hann kl. 09:00.****Fundinn sátu:**

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

**Dagskrá**

1. Fundargerðir
2. Erindi til hreppsnefndar
3. Starfsmannamál
4. Ársþing SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, tilnefning fulltrúa
5. Umsagnir hreppsnefndar og hreppsnefndarfulltrúa
6. Næsti fundur hreppsnefndar

**Gengið til dagskrár:****1. Fundargerðir****a) 115. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 8. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**b) 26. fundur stjórnar Lundar haldinn 24. ágúst sl. liður nr. 4 þarfnast umræðu.**

**Liður nr. 4. Staða verkframkvæmda við Lund:** *Bjarni fór yfir stöðu framkvæmda og verkið er á áætlun. Hann fór yfir fjárhagsstöðu verksins. Stjórn Lundar óskar eftir framlögum sveitarfélaganna til að verkið geti haldið áfram.*

Hreppsnefnd Ásahrepps vill ítreka bókun sína frá 32. fundur 11.05.2016:

*Afgreiðslu liðsins var frestað á 30. fundi hreppsnefndar þann 13. apríl sl. eftirfarandi bókun var gerð:*

*Drifa ber fyrirbyggjandi verksamning v. 2. áfanga viðbyggingar við Lund upp til samþykktar.*

*Samningur samþykktur, fulltrúi Ásahrepps situr hjá v. annmarka gagna (E.G.).*

*Samningur vegna 2. áfanga viðbyggingar við Lund undirritaður og vottaðir.*

*Gestur fór yfir stöðu mála og fyrirhugaðar framkvæmdir.*

*Bjarni Jón Matthíasson er eftirlitsmaður skv. samningum. Óskað er eftir að samningur við Rangárþing ytra verði framlengdur til lok framkvæmda sem eru áætluð 15. janúar 2017.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps frestar afgreiðslu liðsins þar til umbeðin gögn liggja fyrir í málinu. Samþykkt.*

*Á með umbeðin gögn hafa ekki borist þá hafnar hreppsnefnd Ásahrepps fyrirbyggjandi samning fyrir sitt leyti.*

Stjórn Lundar hefur ekki orðið við beiðni Ásahrepps um gögn til staðfestingar verksamnings annars áfanga, þrátt fyrir ítrekanir. Á meðan svo er mun Ásahreppur ekki greiða framlag Ásahrepps í framkvæmdir annars áfanga. Hreppsnefnd Ásahrepps skorar á stjórn Lundar að afhenda umbeðin gögn svo hægt sé að staðfesta samninginn og ganga frá greiðslum.

Samþykkt samhljóða.

**c) 116. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 25. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**d) 36. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 29. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**e) 181. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn 6. september sl.**

Lagt fram til kynningar.

**f) 117. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 8. september sl. mál nr. 1 þarfnast umfjöllunar.**

**Mál nr. 1 1609008 - Einholt 180119: Skemma: Nýbygging: Fyrirspurn**

Lögð fram fyrirspurn Fanneyjar Bjargar Karlsdóttur um hvort að heimilt verði að byggja allt að 600 fm skemmu á jörðinni Einholti í Ásahreppi á svæði sunnan við núverandi refahús eins nálægt landamerkjum og hægt er.

*Samþykkt að grenndarkynna skv. 44. gr. skipulagslaga umsókn um byggingarleyfi fyrir eigendum aðliggjandi jarðar þegar fyrir liggur betri afstöðu- og útlitsmynd. Einnig þarf að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands. Fjarlægð frá landamerkjum má ekki vera minna en 10m. Ef engar athugasemdir berast á kynningartíma er málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

**g) 38. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn, 8. september sl.**  
Lagt fram til kynningar.

**2. Erindi til hreppsnefndar**

**a) Beiðni frá Íþróttasamband lögreglumanna um fjárframlag eða auglýsingu í bæklinginn "Í umferðinni".**

Hafnað.

**b) Beiðni um auglýsingu eða styrktarlínu frá Heilaheill sem gefur út í haust blaðið „Slagorð“.**  
Samþykkt að kaupa styrktarlínu 9000 kr.

**c) Dagana 28. - 29. september nk. verður ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi á vegum ungmennaráðs Árborgar með styrk frá EUF (Evrópu Unga Fólksins) í samstarfi við SASS.**  
Áhugasömum ungmönnum frá sveitarfélaginu er boðið að taka þátt jafnframt er sveitarfélagið beðið um að tilnefna 2 aðalmenn og 2 til vara en allir kjörnir fulltrúar eru velkomnir.

Samþykkt að tilnefna NJ og EG og BJJ og KÖ til vara.

**d) Beiðni frá foreldrasamtökunum Vímulaus æska um styrktarlínu í tilefni af 30. ára afmæli samtakanna.**

Samþykkt að kaupa afmæliskveðju, 10.000 kr.

**e) Beiðni um styrktarlínu frá SÍBS blaðinu, 3. tbl. 2016.**

Hafnað.

**f) Erindi frá foreldrafélagi Laugalandsskóla.**

Á aðalfundi foreldrafélags Laugalandsskóla þann 6. október 2015 var samþykkt eftirfarandi ályktun sem send var til beggja sveitarstjórna:

*Aðalfundur Foreldrafélags Laugalandsskóla, haldinn 6.10.2015 á Laugalandi, skorar á sveitastjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps að skipta um yfirborð/gervigras á sparkvelli að Laugalandi.*

*Ástæðan er undangengnar umræður í þjóðfélaginu sem og erlendar rannsóknir sem sýna fram á skaðsemi efna sem í gervigrasinu/gúmmínu eru.*

*Þann 2. júní 2016 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga þar sem "Alþingi ályktar að fela umhverfis- og auðlindaráðherra, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnun, að móta áætlun sem miði að því að kurluðu dekkjagúmmíu verði skipt út fyrir hættuminni efni á þeim leik- og íþróttavöllum þar sem það er nú að finna. Því verki verði lokið fyrir árslok 2016".*

*Á stjórnarfundi í foreldrafélaginu þann 12. september sl. var ákveðið að formaður sendi fyrirspurn á sveitarstjóra beggja sveitarstjórnanna til að fá upplýsingar um stöðu mála og hvort vinna við undirbúning að því að skipta út gúmmíkurlinu sé hafin og hvenær vænta megi þess að verkið verði unnið. Aðalfundur ársins 2016 verður haldinn fyrstu viku í október og óska ég eftir því að fá svör við þessu erindi fyrir þann tíma.*

Erindið var tekið fyrir á fundi hreppsnefndar þann 14.10.2015. Eftirfarandi bókun var gerð:

*Áskorun frá aðalfundi Foreldrafélags Laugalandsskóla til sveitarstjórna Rangárþings ytra og Ásahrepps um að skipta um yfirborð/gervigras á sparkvellingum að Laugalandi.*

*Hreppsnefnd Ásahrepps tekur undir áhyggjur aðalfundar í ljósi upplýsinga um að dekkjakurl á*

**Hreppsnefnd**

*fótboltavöllum innihalda krabbameinsvaldandi efni.*

*Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna málið áfram í samstarfi við Rangárþing ytra og leggja fram áætlun um endurnýjun á gervigrasi/gúmmíkurli svo gera megri ráð fyrir þessum kostnaðarlið í fjárhagsáætlun næsta árs.*

Beiðninni var komið áfram til Húsakynna bs. um að endurnýjun á gervigrasi/gúmmíkurli yrði sett í forgang fyrir árið 2016.

Einnig var tekið fyrir erindi á 29. fundi hreppsnefndar 9. mars 2016 þar sem stjórn Garps skorar á sveitastjórnir Rangárþings ytra og Ásahrepps að skipta hið fyrsta um yfirborð/gervigras á sparkvelli að Laugalandi í Holtum. Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum og send á Húsakynni bs.

*Hreppsnefnd samþykkir ofangreint erindi fyrir sitt leyti og telur að ekki sé eftir neinu að bíða í endurnýjun á sparkvellinum. Endurnýjun sparkvallar ætti að vera í forgangi í framkvæmdum hjá Húsakynnum bs. Erindinu vísað til afgreiðslu í Húsakynnum bs.*

Hreppsnefnd Ásahrepps vill ítreka fyrri bókun til stjórnar Húsakynna bs. og skorar á Húsakynni bs. að endurnýja gervigrasið án nokkurra tafa.

Samþykkt.

**g) Beiðni um stuðning sveitarfélaga á þjónustusvæði Félags- og skólapijónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu við foreldrafærninámsskeið sem fyrirhugað er að halda.**

Samþykkt að vísa erindinu til umræðu og afgreiðslu hjá Odda bs.

**h) Beiðni frá Batasetri Suðurlands um styrk að lágmarki 150.000 kr. fyrir árið 2016.**

Á 35. fundi hreppsnefndar var málinu vísað til félagsmálanefndar:

Erindið var tekið fyrir á 36. fundi félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu.

*Félagsmálanefnd telur að gera þurfi betur í málefnum fólks með geðraskanir á Suðurlandi. Starfsemi Bataseturs Suðurlands er einn liður í því og telur félagsmálanefnd þarft að styðja við þá starfssemi.*

Erindinu hafnað.

### 3. Starfsmannamál

Starf skrifstofumanns var auglýst laust til umsóknar til 5. september sl. Alls bárust níu umsóknir og ákveðið hefur verið að ráða Ragnheiði Árbjörgu Ólafsdóttur í starfið.

Ragnheiður mun hefja störf 5. október nk. Hreppsnefnd vill bjóða Ragnheiði velkomna til starfa á skrifstofu Ásahrepps.

### 4. Ársþing SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, tilnefning fulltrúa

Ársþing SASS verður haldið á Fosshótelinu Jökulsárlóni á Hnappavöllum 20. og 21. október nk.

Ásahreppur á tvo fulltrúa, en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið.

Hreppsnefnd samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar Ásahrepps á ársþingi SASS og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands: Samþykkt að NJ og EG verði aðalmenn og til vara BJJ og ES.

### 5. Umsagnir hreppsnefndar og hreppsnefndarfulltrúa

Lagt fram til kynningar samantekt unnin af Jóni Páli Hilmarssyni hdl. í formi minnisblaðs þar sem farið er yfir áhrif umsagna hreppsnefndar og hreppsnefndarfulltrúa á hæfi þeirra til þess að taka þátt í meðferð og afgreiðslu mála á síðari stigum. Sérstaklega var horft til þess hvort að hreppsnefndarfulltrúar eða hreppsnefnd í heild gæti orðið vanhæf við afgreiðslu framkvæmdaleyfis ef umsögn væri veitt á grundvelli laga nr. 48, 2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Kallað var eftir samantektinni í framhaldi af 33. fundi hreppsnefndar vegna erindis frá Sveini Tyrfingssyni um að hreppsnefnd Ásahrepps mótmæli fyrirbyggjandi drögum að tillögu, frá verkefnisstjórn 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, um að setja svokallaða Kjalölduveitu í verndarflokk.

### 6. Næsti fundur hreppsnefndar

Verður 12. október nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

**Til kynningar:**

- A. 510. fundur SASS.
- B. Greiðslur og uppbætur, kjara- og starfsmannamál, verkefni og Samband íslenskra sveitarfélaga
- C. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Ársskýrsla 2015
- D. Fundir framundan á vegum Byggðastofnunar
- E. Námskeið og fræðslufundur á vegum Skólaþjónustunnar á haustönn 2016
- F. Fundargerð stjórnar Bergrisans, 20. fundur
- G. Kynningarbréf - Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar
- H. Samráðsfundur Félags stjórnenda leikskóla hvetur rekstraraðila leikskóla til þess að nýta heimildarákvæði kjarasamninga um launað námsleyfi
- I. Kosningavakning ungs fólks
- J. Leikskólum, leikskólabörnum og starfsfólki fækkar
- K. Fræsöfnunargengi Landgræðslunnar á Mýrdalssandi - 2ja mínútna myndband
- L. Hagkvæmt, vandað, hratt - málþing um stöðu mála og næstu skref
- M. Morgunverðarfundur Sambands íslenskra sveitarfélaga um skólamál 17. október á Grand Hótelu
- N. 511. fundur stjórnar SASS
- O. Fundargerð 842. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga
- P. Námskeið: Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin? 23. september kl. 10.00-13.30
- Q. Alþingiskosningar 2016 – utankjörfundaratkvæðagreiðsla
- R. Námskeið um opinber innkaup
- S. 247. fundargerð Sorpstöðvar Suðurlands
- T. Framlög vegna stuðnings við tónlistarnám og jöfnun á aðstöðumun nemenda
- U. Bændadagur 2016
- V. Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2016
- W. Uppgjör á staðgreiðslu til sveitarfélaga eftir álagningu útsvars 2016 v/tekna 2015
- X. Þjóðskrá- Ársskýrsla 2015

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:10

---

Elín Grétarsdóttir (sign)

---

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

---

Karl Ölvisson (sign)

---

Egill Sigurðsson (sign)

---

Nanna Jónsdóttir (sign)